




Reykjavík, 25. nóvember 2025
USK25090120

Fylkisvegur 6 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Sýnileika ehf., dags. 9. september 2025, áamt bréfi, ódags. um að setja upp LED auglýsingaskilti á húsið á lóð nr. 6 við Fylkisveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag.



Mynd af húsinu tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Fylkisvegi 6 borgarhluta 7. Árbær og er hluti af opnu svæði OP29 – Fylkir – Árbæjarsundlaug.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er hverfisSKIPulag Árbæjar, 7.2., samþykkt í borgarráði 10. október 2019 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 6 við Fylkisveg er steinsteypt bygging byggð árið 1992 og er skráð ípróttahús í fasteignaskrá. Ípróttafélagið Fylkir er með starfsemi sína þar og er líkamsræktarstöðin World Class nú einnig starfrækt í húsinu.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á leyfisveitingu til að setja upp LED auglýsingaskjá, sem er samtals 3,7fm á stærð, á útvegg austurhliðar hússins. Skjárinn verður notaður undir auglýsingar World Class og fær Ípróttafélagið Fylkir jafnframt til umræða hluta auglýsingaplássanna til sölu/styrktar, til að afla tekna í þágu félagsins. Þá er LED skjárinn búinn birtuskynjara til að stilla birtustig sjálfkrafa eftir aðstæðum. Einnig slokknar sjálfkrafa á skjánum á milli kl. 22:00 og kl. 07:00 til þess að tryggja að hann trufli ekki íbúa né aðra í hverfinu.



Reykjavík



Staðsetning LED auglýsingaskjás á útveggi austurhliðar hússins við Fylkisveg 6. Mynd tekin úr fylgigögnum fyrirspurnar.

Húsið við Fylkisveg 6 er staðsett á opnu svæði OP29 – Fylkir-Árbæjarlaug skv. aðalskipulagi. Um OP29 segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:

OP29. Íþróttasvæði innan hverfa. Íþróttasvæði og almenn útivistarsvæði, einkum á vegum íþróttafélaga.

Í samþykkt um skilti í Reykjavík segir í kafla 3.4. um staðsetningu skilta:

Auglýsingaskilti fyrir fyrirtæki og þjónustu skulu almennt staðsett á mannvirkjum. Heimilt er að staðsetja skilti innan lóðar, svo framar sem þau séu í samræmi við reglur sem hér koma fram og að undangenginni leyfisveitingu. Upplýst skilti skulu ekki vera staðsett þannig að þau hafi truflandi áhrif á íbúðarbyggð.

Í kafla 4.5. segir svo um skilti á íþróttasvæðum:

Landnotkun Íþ, í vissum tilfellum eru íþróttasvæði skilgreind sem opin svæði eða samfélagsþjónusta en sé starfsemi sannarlega íþróttastarfsemi skal fylgja ákvæðum fyrir íþróttasvæði.

Þá segir í kafla 4.5.2. *Annað*:

Tölvustýrð ljósa- og flettiskilti sem eru hluti af keppnishaldi eru heimiluð, notkun miðast við íþróttaviðburði. Skulu þau vísa inn að velli/leikvang

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við að settur sé LED auglýsingaskjár á útvegg austurhliðar hússins við Fylkisveg 6 þar sem að það samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iða Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík